

Aðalfundur FNS 29.04.2014.

Fundastjóri: Ketill G. Jósepsson

Mættir: 24 félagsmenn + 3 voru á Skype.

1. Skýrsla stjórnar

Helga Helgadóttir formaður FNS fór yfir skýrslu stjórnar (sjá skýrslu stjórnar á heimasíðu FNS).

2. Ársreikningur FNS

Helga Helgadóttir fór yfir skýrslu stjórnar í fjarveru Ágústu Björnsdóttur gjaldkera. Félagið stendur ágætlega en það er ekki hagnaður. Félagsmenn geta fengið ársreikninginn sendan kjósi þeir það.

3. Umræður um skýrslu og ársreikning.

Spurt var um árgjaldið og hvenær það yrði innheimt. Árgjaldið er kr. 4500 kr. og ekki er byrjað að innheimta þau fyrir árið 2014.

4. Lagabreytingar.

Engar

5. Önnur mál.

Helga Helgadóttir stýrði þessum lið.

- Eiga nöfn og vinnustaður félagsmanna heima á heimasíðu FNS? Allir voru sammála um að þessar upplýsingar ættu að vera þar.

- Á að færa varasjóð félagsins af gjaldeyrisreiking yfir á annan reikning? Eins og staðan er í dag er gjaldeyrisreikningur ekki hagstæður valkostur. Samþykkt var að leita ráðgjafar hjá bankanum um það hvaða reikningur er besti valkosturinn.

- Á fulltrúi FNS í Norrænu samtökunum að vera í stjórn félagsins eða á að hafa óbreytt fyrirkomulag? Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að stjórnin ætti að fara með þetta hlutverk. Ketill G. Jósepsson hættir því sem tengiliður FNS í Norrænu samtökunum.

- Á að víkka út tilnefningar á degi náms- og starfsráðgjafa þannig að það mætti tilnefna einstakling, verkefni eða vinnustað? Samþykkt var að víkka tilnefningarnar út þannig að tilnefna mætti einstakling og/eða verkefni.

6. Stjórn og nefndir fyrir 2014 eru eftirfarandi:

Stjórn: Helga Helgadóttir formaður, HÍ, Gréta Matthíasdóttir, HR, Unnur Símonardóttir, FG, Ásthildur Guðlaugsdóttir, Kársnesskóla, Ágústa Björnsdóttir, Iðnskólanum í Hafnarfirði, Ingibjörg Kristinsdóttir, Vinnumálást., Olga Sveinbjarnardóttir, Vallaskóla.

Fræðslunefnd: Elísabet Pétursdóttir, Kópavogsskóla, Arnbjörg Ösp Matthíasdóttir, Vinnumálástofnun, Kristín Birna Jónasdóttir, Endurmenntun HÍ, Lena Dögg Davíðsdóttir, Blindrabókasafnið, Sigríður Birna Bragadóttir, MH og Helga Lind Hjartardóttir, Fjölbautaskóli Snæfellinga.

Siðanefnd: Sigrún Garsía Thorarensen, Rimaskóla, Lilja Rós Óskarsdóttir, Mímir, Drífa Sigurjónsdóttir, Þjónustumiðstöð.

Ritnefnd v. vefsíðu: Soffía Valdimarsdóttir, Lágafellsskóla, Anna Lóa Ólafsdóttir, Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, Jónína Kárdal, HÍ, Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla.

Fagráð: Rakel Steinvör, Iðunni, Sigurjóna Jónsdóttir, Tækniskólanum, Herdís Zophíasdóttir, MA, Kristjana Mjöll Sigurðardóttir, HÍ, Guðrún Thorsteins, Barnaskóli Eyrabakkar/Stokkseyri, Helga Tryggvadóttir, Vestmannaeyjum, Lóa Hrönn, HR. Auk þeirra verða eftirfarandi aðilar úr stjórn FNS tengiliðir við fagráð: Helga Helgadóttir, fyrir háskóla, Unnur Símonardóttir, fyrir framhaldsskóla, Olga Sveinbjörnsdóttir, fyrir grunnskóla og Ingibjörg Kristinsdóttir, fyrir atvinnulífið.

Kjaranefndir: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Landbúnaðarháskólanum á Hólum, og Hildur Katrín Rafnsdóttir, HÍ, fyrir háskóla. Birna Hilmarsdóttir, Víðistaðaskóla, og Agnes Braga Bergsdóttir, Brúarskóla, fyrir grunnskóla. Katrín Magnúsdóttir, Vinnumálastofnun, og Lilja Þorkelsdóttir, Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar, fyrir atvinnulíf. Hildur Halla Gylfadóttir, MS, og Hrönn Baldursdóttir, FÁ, fyrir framhaldsskóla.

7. Tillaga kom frá Helgu Tryggvadóttir, námsráðgjafa í Vestmannaeyjum (samþykkt):

Tillaga á aðalfund FNS 2014.

Skipuð verði stöðunefnd sem kannar möguleika félagsmanna í Félagi náms- og starfsráðgjafa hvað varðar aðild að stéttarfélögum og/eða stofnun eigin stéttarfélags.

Markmið með stofnun nefndarinnar er að innan tveggja ára liggi fyrir kostir félagsmanna hvað varðar aðild að stéttarfélögum, að nefndin taki afstöðu til kostanna og mæli með einum umfram aðra.

Hlutverk stöðunefndar:

- Kanna stöðu félagsmanna
- Bera saman kjör, starfsaðstæður og fleira sem skiptir máli eftir stéttarfélögum
- Kanna lagalega stöðu, t.d. hvað varðar lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna
- Skoðanakönnun/stöðukönnun meðal félagsmanna
- Hvaða þættir eru efst á baugi kjaralega
- Hvað eru fólk ánægt með/hvað er að virka vel
- Samanburður niðurstaðna eftir aðild
- Kanna aðra þætti sem skipta máli
- Kanna möguleika, BHM – allir náms- og starfsráðgjafar sameinaðir
- Á stofnun félags innan KÍ – sameina náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum
- Á að efla áhrif náms- og starfsráðgjafa innan núverandi aðildarféлага
- Óbreytt ástand
- Aðrir möguleikar
- Könnun meðal félagsmanna
- Kynna möguleikana eftir að niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir og kalla eftir áliti félagsmanna
- Skila áfangaskýrslu til aðalfundar árið 2015 og lokaskýrslu til aðalfundar árið 2016.

Fulltrúar í nefndinni:

2 frá stjórn FNS

1 frá hverju skólastigi

2 frá atvinnulífínu

8. Veitingar og spjall.

Aðalfundurinn hófst kl. 14 og var slitið kl. 16.

Þórdís Þórisdóttir ritari.